

9. stjórnarfundur landssambands DKG var haldinn á Skype 22. nóvember 2018 frá kl. 19.30-21.30.

Mættar voru: Jóna Benediktsdóttir, Helga M. Steinsson, Helga Guðný Halldórsdóttir, Jónína Hauksdóttir, Eygló Björnsdóttir og Ingibjörg E. Guðmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðan við undirbúning alþjóðaráðstefnunnar.

Ingibjörg Elsa, formaður stýrihóps, sagði að ásamt stýrihópnum væru 5 nefndir að störfum. Undirbúningur gengur vel. Eins og fram hefur komið var okkur valið efnið „professional research“ af alþjóðastjórninni. Dagskrárnefndin hefur valið titilinn "Professional Research and Practices in enhancing the Learning Community and the 6 Cs". Fjallað verður um rannsóknir og verkefni úr kennslu sem efla lærdómssamfélagið og sjónum beint að hugtökum sem notuð hafa verið í tengslum við þróun þess s.s. sköpun, samskipti, samvinnu og gagnrýna hugsun ásamt borgaravitund og mannkostamenntun. Auk fyrirlestra verða vinnustofur með margvíslegu efni og örfyrirlestrar (TakeAways). Ráðstefnan mun fara fram frá 25.-27. júlí 2019 á Hótel Natúra. Alþjóðasamtökin tóku þátt í vali á hóteli og gera samninginn við hótelið. Viðburðanefndin er líka á fullu við skipulagningu og er búin að leggja til að Iceland by night verði fyrsta kvöldið í Golfskálanum í Mosfellsbæ. Tilboðið er innan marka fjárhagsáætlunar. Fjárhagsnefndin hefur gert fyrstu fjárhagsáætlunina en hún er upp á um 8,3 milljónir. Reiknað er með 1 milljón í styrki, 200 þúsund frá landsambandi og 163 þúsundum frá alþjóðasamtökum. Að öðru leyti standa greiðslur þátttakenda undir kostnaði. Ráðstefnugjaldið verður 16.000.-, kvöldverður á 10.200, hádegisverðir á 3.100 og 3.500. Fjárhagsnefndin undirbýr umsóknir um styrki, en þegar hafa farið tvær beiðnir frá stýrihópi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og frá dagskrárnefndinni til verkefnasjóðs um fjármagn til að greiða kostnað við kynningu á Bíófilíu á ráðstefnunni. Fjölmíðlanefndin hóf störf fyrir alþjóðaráðstefnuna sem haldin var í sumar í Texas, því hún vann að kynningarefni. Einnig gerði hún upplýsingasíðu, sem fer í loftið bráðlega. Unnið er að því að búa til skráningarsíðu og setja inn á hana helstu viðburði, en skráning hefst 15. janúar. Skráningarnefndin vinnur að þessu. Áætlanir okkar miða við að um 200 konur sækji ráðstefnuna. Hún er opin öðrum líka og greiðslur þeirra heldur hærri en fyrir félagskonur. Helstu erfiðleikar okkar varða breyttar reglur, sem kveða á um meiri ábyrgð alþjóðasamtakanna. Ingibjörg Jónasar Evrópuforseti er ábyrgðarmaður ráðstefnunnar á Íslandi og heldur hún úti sambandinu við alþjóðasamtökin. Í rauninni vilja samtökin halda utan um alla þræði, en við leggjum upp úr því að halda sem mestu sjálfstæði. Svo má nefna líka að það svolítið erfitt að fá fyrirlesara á þessum tíma ársins. Jónína sagði frá því að Vísindasjóður FL og FSL styrkir ekki máltíðir. Gjaldkeri gefur út kvittun fyrir greiddri heildarupphæð vegna ráðstefnunnar fyrir þær sem óska þess.

2. **Um flutning heimilisfangs samtakanna.** Skráð heimilisfang landssambandsins er hjá Guðbjörgu Sveinsdóttir og hún fær alla reikninga og hún þarf að senda þá áfram. Samþykkt að færa heimilisfangið til Jensínu Valdimarsdóttur, gjaldkera. Gengið verður frá þessu með undirskriftum 8. desember. Jafnframt var ákveðið að athuga hvort það þarf að breyta skráningu á stjórnarmönnum.

3. **Erindi frá gjaldkera um bankareikninga.** Landssambandið á núna 5,9 milljónir og ekki hafa allar deildir greitt félagsgjöldin enn þá. En við skuldum alþjóðasambandinu um 2 milljónir vegna félagsgjalda. Við eigum líka reikning sem heitir vaxtasproti, þar eru 60 þúsund. Hann ber hærri vexti. Síðan er reikningur í Landsbankanum sem heitir stofnsjóður, þar eru 4-500 þúsund. Síðan er námsstyrkjasjóður, sem lagt er inn á 100 þúsund á ári. Samþykkt að flytja af tékkareikningi inn á vaxtarsprotann og að fjármagn, sem ekki þarf að nota liggi þar. Samþykkt að hækka framlag í námsstyrkjasjóðinn í 200 þúsund á ári frá og með 2018. Sambandið á gjaldeyrisreikning og inni á honum er 304\$ eða um 37.000 kr. Lagt var til að gjaldkeri skoði fyrirkomulag reikninga félagsins með það fyrir augum að sameina einhverja þeirra og vera aðeins með einn viðskiptabaka. Þetta var samþykkt.

4. **Að ákveða upphæð sem verður til úthlutunar úr námsstyrkjasjóði í vor.** Lagt er til að upphæð til úthlutunar í vor verði 400 þúsund krónur. Samþykkt.

5. **Baktrygging Landsambandsins vegna samninga sem gerðir verða í tengslum við ráðstefnuna**

(Þetta snýst um að viðburðanefnd og hugsanlega dagskrárnefnd geti samið við aðila án þess að þar sé fólk í persónulegum ábyrgðum, það er þó aðeins gert í samráði við stýrihópinn). Landsambandið samþykkir að baktryggja alla samninga sem gerðir eru vegna ráðstefnunnar (að undanteknum samningi við hótelið, sem alþjóðastjórnin samþykkir). Landsambandið veitir formönnum undirbúningsnefnda umboð til að skrifa upp á samninga ásamt formanni stýrihóps, sem jafnframt er fulltrúi stjórnar.

6. **Þóknanir til fyrirlesara á ráðstefnunni**, sem koma ekki úr samtökunum. Þetta snýst um að alþjóðasamtökin greiða ekki fyrirlesurum á ráðstefnum. Við viljum hins vegar geta gert það. Stjórn landsambandsins leggur eindregið til að fyrirlesarar fái greitt fyrir framlag á ráðstefnunni og mun leita leiða til að það megi verða.

7. **Endurskoðun kynningarbæklingsins og ákvörðun um endurprentun**. Farið var yfir breytingartillögur stjórnarkvenna. Forseti mun gera tillögu að breytingunum og senda til stjórnarkvenna til samþykktar.

8. **HS segir frá Evrópufundinum**. Helga fór á fund European Forum. Nefndin hefur verið illa kynnt á Íslandi. Hún fór á fundinn ásamt Ingibjörgu Jónasar Evrópuforseta. Evrópusvæðið var stofnað 1996. Á að vera vettvangur fyrir Evrópukonur að bera saman bækur sínar sér, án þess að vera stöðugt undir verndarvæng alþjóðasamtakanna. Konur í Forum eru átta. Fundurinn var haldinn í Rastede í Þýskalandi. Gerðar eru starfsáætlanir til 2ja ára. Að hluta til er verið að undirbúa alþjóðaráðstefnu t.d. með því að halda forráðstefnu. Hugmynd að forráðstefnu í sumar er að bjóða upp á skólaheimsóknir. Konur á fundinum höfðu áhuga á að sjá skóla á Íslandi og rætt var um möguleika á að fjalla um geðheilbrigði. Veftímarit Euforia er í endurskoðun. Achievement award er alltaf veitt á Forum fundum, sem haldnir eru í tengslum við alþjóðaráðstefnur. Samþykkt að Helga M. skrifi frétt um Forum fundinn, sem verður birt á vefnum og send á Facebook síður samtakanna.

9. **Landssambandsþingið laugardaginn 4. maí, eigum við að leggja til yfirskrift?** ÍJ skrifaði bréf til forseta landssambandsins þar sem fram kemur að við munum fá fyrirlesara frá alþjóðasamtökunum á vorþingið og jafnframt að halda þarf fund með gjaldkerum allra deild. Samþykkt að fela menntamálanefnd að koma með tillögur að fyrirlesurum og yfirskrift þingsins. Samþykkt að biðja um dagskrá frá 13-15. En aðalfundur verður haldinn fyrir hádegi og eftir landssambandsþingið verður námskeiðið fyrir gjaldkera.

10. **Önnur mál**

- a) Breyta þarf upplýsingum vegna laganefndar á vefnum. Sigrún Ásta Jónsdóttir, sem var formaður, hætti í samtökunum. Bryndís Jónsdóttir í þetadeild kom inn í nefndina. En formaður hefur ekki verið valinn.
- b) ID númer inn í félagatal. Gjaldkeri fær lista yfir öll nöfn með ID númerum, en misbrestur er á að allar félagskonur fái sitt númer. ID númerið er nauðsynlegt til að komast á erlenda vef dkg og einnig þarf ID númer við skráningu á alþjóðaráðstefnuna. Samþykkt að forseti sendi bréf til formanna með ósk um að þær leiti eftir samþykki félagskvenna til að færa ID númerin inn í félagaskránnar.
- c) Næsti fundur var ákveðinn 4. febrúar kl. 16.00.